



KYNNIST CARMEN

frá Líbanon

Kynnist Barnafélagsbörnum sem hjálpa öðrum eins og Jesús gerði.



Allt um Carmen

ALDUR:
8 ára

FRÁ: Syríu en býr nú í Líbanon

TUNGUMÁL:
Arabíska, enska

MARKMIÐ OG DRAUMAR:

- 1) Fara í musterið.
- 2) Verða listamaður.
- 3) Þjóna í trúboði.



FJÖLSKYLDA: Carmen á tvær eldri systur og eldri bróður.

Hjálpandi hendur Carmen

Carmen og mamma hennar búa í Líbanon, en bjuggu áður í Sýrlandi. Nágrannar þeirra eru líka frá Sýrlandi. Í desember síðastliðnum vildi Carmen gera eitthvað fallegt fyrir þau. Á hverjum degi fram að jólum keypti Carmen eitt lítilræði í búðinni. Hún setti það allt í kassa. Eftir 25 daga var kassinn orðinn fullur. Á jóladegi fór Carmen með kassann til nágranna sinna. Þau voru svo þakklát! Carmen sagði þjónustu sína hafa hjálpað sér að muna eftir þjónustu Jesú Krists. „Þegar við sýnum öðrum elsku,“ segir Carmen, „þá finnum við fyrir elsku Guðs.“ ●




Carmen fylgir Jesú með því að hjálpa nágroñnum sínum. Flettið síðunni til að lesa sögu um það hvernig Jesús kenndi okkur að elska náunga okkar.

Það sem Carmen heldur mest upp á



SAGA UM JESÚ: Þegar Jesús gekk á vatninu



STAÐUR:
Ströndin



MATUR: Núðlur, rjómaís



TILLAGA AÐ SÖNG:
„Himnafaðir elskar mig“
(Barnasöngbókin, 16)

FAG Í SKÓLA:
Vísindi



LITUR: Ljós fjólu blár

Verið með í teymi Hjálparhanda!



Þegar þið þjónið öðrum eruð þið hluti af teymi Hjálparhanda! Hverjum getið þið þjónað?